


## BYGGINGARLÝSING

Um er að ræða viðbyggingu, tveggja hæða þjónustuhús með kjallara við Íþróttahús að Varmá. Húsið á að tengja saman núverandi mannvirki og auðvelda innbyrðis tengsl þeirra og umferðarleiðir. Einnig verða að einhverju leyti gerðar breytingar á aðliggjandi rýmum nýbyggingarinnar í tengslum við framkvæmd þessa.

**Aðkoma og flóttaleiðir**
Í hringakstri að inngangi húss á suðvesturhlið verða 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Frá bílastæðum að húsi verði frágangur þ.a. að hann samræmist aðgengi hreyfihamlaðra. Aðalinngangur húss verði um hurðar einingu á suðvesturhlið hússins. Hurðin verði með rafmagnsopnun vegna aðgengis hreyfihamlaðra. Annar inngangur að búningsherbergjum kjallara er um útitröppur og skábraut á suðausturhlið húss. Á suðvesturhlið kaffisalar og fjölnotasalar eru flóttaleiðir af neðri hæð. Á efri hæð fjölnotasal verður flóttaleið um svalir og útitröppur á suðausturhlið.

**Innra skipulag og aðgengi**
Á fyrstu hæð þjónustuhúss verður móttaka/afgreiðsla, kaffihús, fjölnotasalur, skógeymslur og salerni. Á annarri hæð verða fjölnotasalir. Í kjallara verður búningsaðstaða fyrir keppnisfólk og dómara auk tæknirýma, anddyri, stjórnstöð vatnsúðakerfis og þvottahús/búningageymsla.
Á hverri hæð er salerni fyrir hreyfihamlaða, tæknirými og ræstingar. Aðalstigi nær milli kjallara og 2. hæðar. Lyfta tengir saman allar hæðir þjónustuhússins og nýja parkethúsið. Einnig verður sett ný lyfta í tengibyggingu að sundlaug sem tengi saman allar hæðir þar. Með þessum tveimur nýju lyftum verður aðgengi hreyfihamlaðra að almennum svæðum hússins tryggð. Allar hurðir innandyra á almennum svæðum uppfyllli lágmarks breiddarkröfur byggingarreglugerðar um aðgengi hreyfihamlaðra.

**Veggir**
Útveggir kjallara eru steyptir, 210 mm, og einangraðir að utan með 100 mm plasteinangrun. Útveggir fyrstu og annarra hæða eru steyptir, 210 mm, og einangraðir að utan með 120 mm steinullareinangrun, rúmþyngd 80 kg/m3 (t.d. veggplötur) og klæddir málmklæðningu. Innveggir eru ýmist steyptir, 200 mm, eða gipsveggir á blikkgrind, 150 mm. Steyptir veggir verða slípaðir, sandspartlaðir og málaðir. Gipsveggir eru spartlaðir og málaðir.

**Þak**
Þak er byggt upp af Lett-Tak þakeiningum eða sambærilegu.

**Lóð**
Aðkoma notenda, sorphirðu og slökkviliðs er á suðurhorni lóðar frá Skólabraut.

**Sorpgeymsla**
Sorpskýli (fortsteypt og lokanleg) fyrir sorpker á hjólum eru staðsett við snúningshring bíla og þannig vel staðsett gagnvart sorphirðu.

**Efnisnotkun**
Útveggir verða klæddir málmklæðningu.

## BURÐARÞOL

Viðbyggingin er staðsteypt tveggja hæða hús auk kjallara er leggst upp að og tengist núverandi íþróttamannvirkjum, þ.e. sundlaug, eldra íþróttahúsi og viðbyggingu þess, tengibyggingu milli eldra íþróttahúss og sundlaugar, og nýrra íþróttahúsi. Loftaplötur eru undirstuddar af veggjum og súlum í kjallara og á jarðhæð. Þak er léttbyggt úr samtengdum samlokueiningum með álímdum vatnsvarnardúk er mynda stífa þakskífu. Þakið er borið uppi af steyptum bitum er hvíla á steyptum súlum og veggskífum.

## LAGNIR

**Upphitun**
Húsið er hitað upp með gólfhita, í aðliggjandi rýmum með ofnum og þar sem vantar með loftræsingu. Uppblöndun fyrir gólfhita er í dreifikistum staðsetttar í hæðum.

**Lagnaleiðir**
Lóðrétt um lagnastokk sem er sér brunahólf milli hæða.

**Loftræsing**
Loftræsikerfi verður í húsinu. Hönnun kerfis í miðrými taki mið af allt að 300 manna gestafjölda. Öll gluggalaus rými verða loftræst með vélrænni loftræsingu. Önnur innirými verða loftræst ýmist með vélrænni loftræsingu eða opnanlegu fagi.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR:

| | |
|---|---|
| Þjóðskrárnúmer: | 97700010 |
| Landnúmer: | 125595 |
| Lóðarstærð: | 83.0 ha |

Stærð viðbyggingar:

| | m², BR | m³, BR |
|---|---|---|
| Kjallari: | 400,0 | 1.344,0 |
| 1. hæð: | 376,0 | 1.133,5 |
| 2. hæð: | 401,1 | 1.525,4 |
| SAMTALS: | **1.177,5 m²** | **4.184,0 m³** |

Stærðir matshluta íþróttamiðstöðvar (viðbygging innifalin):

| | |
|---|---|
| **Matshluti 04** | |
| Brúttó flatarmál: | 276,1 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 860,5 m3 |
| **Matshluti 10** | |
| Brúttó flatarmál: | 2.024,4 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 14.356,2 m3 |
| **Matshluti 13** | |
| Brúttó flatarmál: | 531,2 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 1.742,5 m3 |
| **Matshluti 17** | |
| Brúttó flatarmál: | 2.082,0 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 26.362,8 m3 |
| **Matshluti 18** | |
| Brúttó flatarmál: | 1.762,0 m2 |
| Brúttó rúmmál: | 6.479,5 m3 |

Bílastæði á lóð = 100 stk., (þar af 3 fyrir hreyfihamlaða). Á aðliggjandi skólalóð eru 37 bílastæði til viðbótar.

Byggingin uppfylli kröfur um eftirfarandi gildi, skv. byggingarreglugerð:

| | |
|---|---|
| Þak: | 0.2 W/m2K |
| Útveggur: | 0.4 W/m2K |
| Gluggar: | 2.0 W/m2K |
| Gólf á fyllingu: | 0.3 W/m2K |
| Útveggir, vegið meðaltal: | 0.85 W/m2K |

Brunavarnir

Hönnun brunavarna
Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnunarskýrslu EFLU fyrir íþróttamiðstöðina dags. 13.04.2022.
Eftirfarandi lýsing tekur til nýrrar anddyrisviðbyggingar ásamt núverandi tengibyggingu.

Notkunarflokkar
Byggingin er í notkunarflokki 2.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Hámarksfjöldi í sölum á 2. hæð er 240 manns.
Hámarksfjöldi í anddyrissal og kaffihúsi á 1. hæð er 180 manns.

Brunaviðvörunarkerfi
Brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð verður í allri íþróttamiðstöðinni. Stjórnstöð kerfisins verður í anddyri.

Slökkvikerfi
Anddyrisbyggingin er varin með sjálfvirki vatnsúðakerfi í áhættflokki OH1 skv. ÍST EN 12845.
Kerfið skal tengja viðurkenndri vaktstöð.

Handslökkvibúnaður
Slöngukefli skv. ÍST EN 671 verða staðsett skv. teikningu þannig að þau nái út í öll horn.
Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 verða almennt með slökkvigetu 21A og 183B staðsett skv. brunahönnun.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og leiðbeiningu HMS nr. 9.4.12. Flóttaleiðalýsing 1 lúx verður á flóttagöngum, 5 lúx í stigum innan- og utanhúss. Svæðislýsing a.m.k. 0,5 lux í sölum, snyrtingum fatlaðara og búningsklefum. Neyðarlýsing 15 lúx skal vera í tæknirýmum.
Almenn lýsing skal vera fyrir utan alla neyðarútganga.
Leiðarmerkingar skv. leiðbeiningu HMS 9.5.11.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum. Hámarkslengdir flóttaleiða eru skv. viðmiðum byggingarreglugerðar og brunahönnun.
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.
Opnunarátt hurða er sýnd á aðaluppdráttum.
Allar hurðir í flóttaleiðum frá áhorfendapöllum i eldra íþróttahúsi og sal þess og handboltahúsi skulu hafa paníkslá sk.v ÍST EN 1125. Hurðir í flóttaleiðum frá sölum í anddyrisbyggingu skulu hafa neyðarhún skv. ÍST EN 179 eða paníkslá.
Læstar hurðir í flóttaleið frá búningsklefum í kjallara sundlaugarhúss og frá inngarði milli handboltahúss og eldri byggingar skulu vera með brotrofa til neyðaropnunar, tengdan öryggis/brunakerfi.
Örugg biðsvæði fyrir hjólastóla eru sýnd á aðaluppdrætti. Ekki er samskiptabúnaður á biðsvæðum.

Klæðningar og gólf
Allar nýjar og endurnýjaðar klæðningar í lofti og á veggjum innanhúss verða í flokki B-s1, d0 skv. ÍST EN 13501-1.
Gólfefni í flokki $D_{fl}$-s1.

Útveggir og þök
Útveggir eru steyptir, einangraðir að utan og klæddir málmklæðningu í flokki A2-s1,d0.
Þök eru með óbrennanlegri einangrun og klæðningu í flokki $B_{(roof)}$ (t2) skv. ÍST EN 13501-5.

Brunahólfun
Anddyrisbyggingin ásamt tengibyggingu er meginbrunahólf, skilið frá íþróttahúsunum með EI 90 veggjum, E 60 gluggum og $EI_2$ 60-$CS_{200}$ hurðum. Skil að sundlaugarbyggingu eru með EI 90 veggjum, $EI_2$ 60-$CS_{200}$ hurðum og E60-C brunatjaldi. Inntakrými úðakerfis er brunahólf EI 60.
Brunahólfun að öðru leyti skv. teikningum.

Loftræsikerfi
Brunavanir loftræsikerfa skulu vera skv. 9.6.14. gr. byggingarreglugerðar og þeim ákvæðum DS 428 sem samræmast meginreglum byggingarreglugerðar. Bruna- og reyklokur verða í brunahólfandi skilum. Loftinnblástur skal stöðvast og bruna/reyklokur lokast við reykboð frá loftinntaki viðkomandi samstæðu eða frá brunaviðvörunarkerfi.

Burðarvirki
Meginburðarvirki eru R 60, hæðaskil REI 60, burðarvirki stiga R 30. Burðarvirki meginbrunahólfunar er R 90.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd. Aðkoma er að aðalinngangi á vesturhlið. Aðkoma að vatnsúðakerfi er á suðurhlið kjallara.
Brunahani er við Skólabraut og nýr brunahani suður af knatthúsi.

Viðhald brunavarna
Tilhögun eldvarneftirlits skal vera skv. Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017.
Gera skal þjónustusamninga við viðurkenndan aðila um eftirlit og viðhald á vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsingu og handslökkvibúnaði.
Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki viðeigandi yfirvalda og unnar í samvinnu við brunahönnuð.

A1 ➤ A3
0 100 200 300 400 500

C:
B:
D:
A:
BREYTINGAR: DAGS:

# AÐALUPPDRÁTTUR

**Þjónustumiðstöð við Varmá**

| | |
|---|---|
| VERK: | VARM 2130 |
| KVARÐI: | 1:500 |
| DAGS: | 16.04.2022 |
| TEIKN: | JÞÞ |
| SKRÁ: | 2130_gr02.dwg |

**AFSTÖÐUMYND**


**ÚTI INNI**
**A R K I T E K T A R**
ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661
NETFANG ui@ui.is
VEFFANG http://www.ui.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FAÍ
120357-5149
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKTAR FAÍ
021256-7579


**103**